

Samantekt yfir breytingar á innri persónuverndarstefnu

Hér að neðan má finna samantekt á breytingum á innri persónuverndarstefnu ykkar. Um fimm breytingar er að ræða sem útlistaðar eru nánar í tölulíðunum hér að neðan.

1. Ákvæði í kaflanum „Áhættur og ábyrgðir, Lágmrörkun áhættu“ er kveður á um að ábyrgðaraðili skuli forðast að einstaklingar hafi ekki val um hvort unnið verði með persónuupplýsingar um þá hefur verið tekið út. *Var ákvæðið tekið út með tilliti til annarra lögmætra vinnsluheimilda sem geta átt við þegar unnið er með persónuupplýsingar.*
 - a. **Ákvæðið fyrir breytingu:** að einstaklingar hafi ekki val um hvort unnið verði með persónuupplýsingar um þá.
 - b. **Ákvæði eftir breytingu:** Ákvæði tekið út.
2. Breytingar voru gerðar á orðalagi ákvæðis í kaflanum „Almennar verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga“ þar sem kveðið var á um að starfsmönnum væri óheimilt að deila persónuupplýsingum sín á milli óformlega. Ákvæðið kveður nú á um að starfsmönnum sé óheimilt að deila persónuupplýsingum sín á milli nema nauðsyn krefji. *Er þetta gert til að aðlagga ákvæðið betur að meginreglum persónuverndarlaganna um meðalhóf og nauðsyn.*
 - a. **Ákvæðið fyrir breytingu:** starfsmönnum er óheimilt að deila persónuupplýsingum sín á milli óformlega.
 - b. **Ákvæðið eftir breytingu:** starfsmönnum er óheimilt að deila persónuupplýsingum sín á milli nema nauðsyn krefji.
3. Bætt var við ákvæði um að starfsmenn skuli ávallt gæta fyllsta öryggis við miðlun persónuupplýsinga sín á milli. Þeir skulu forðast að ræða persónugreinanleg málefni í opnu rými sem dæmi.
 - a. **Ákvæði sem bætt var við:** Starfsmenn skulu ávallt gæta fyllsta öryggis við miðlun persónuupplýsinga sín á milli. Skulu þeir forðast að ræða persónugreinanleg málefni í opnu rými sem dæmi.
4. Orðalagi ákvæðis í kaflanum „Verklagsreglur varðandi meðferð rafrænna gagna“ var breytt. Bætt var orðunum „sé þess þörf“, við ákvæði er kveður á um að taka skuli afrit af gögnum með reglubundnum hætti og að jafnframt skuli kanna reglulega hvort afritun hafi tekist. *Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir eyðingu persónuupplýsinga. Hins vegar er ekki ávallt þörf á að taka afrit af gögnum enda fer það eftir því með hvaða hætti gögn eru vistuð. Verður það því eftirlátið tæknimanni ábyrgðaraðila að meta hvort þörf sé á að afrita gögn.*
 - a. **Ákvæði fyrir breytingu:** Taka skal afrit af gögnum með reglubundnum hætti og jafnframt skal kanna reglulega hvort afritun tekst.
 - b. **Ákvæði eftir breytingu:** Taka skal afrit af gögnum með reglubundnum hætti og jafnframt skal kanna reglulega hvort afritun tekst, sé þess þörf.
5. Orðalagi ákvæðis í kaflanum „Verklagsreglur varðandi meðferð rafrænna gagna“ var breytt. Bætt var við orðunum „til dæmis C:/drif,..., hugbúnað...“. *Var það gert til að leggja áherslu að starfsmenn skuli ekki hafa afrit af persónuupplýsingum sínum á sinni tölvu og/eða öðrum rafrænum svæðum sem teljast þeirra einkasvæði.*
 - a. **Ákvæði fyrir breytingu:** Starfsmenn skulu ekki vista afrit af persónuupplýsingum á tölvu, síma eða annan búnað í einkaeigu.
 - b. **Ákvæði eftir breytingu:** Starfsmenn skulu ekki vista afrit af persónuupplýsingum á tölvu(t.d. C:/drif), síma, hugbúnað eða annan búnað í einkaeigu.